

## 60 ára afmæli Þjóðdansafélags Reykjavíkur

Þann 17. júní sl. var boðið til afmælisfagnaðar í sal félagsins að Álfabakka 14a.

Bendt Pedersen, formaður félagsins, bauð gesti velkomna. Í afmælinu voru m.a. Sigríður Þ. Valgeirsdóttir stofnandi og aðaldriffjöður félagsins um árabíl og Dóra Jónsdóttir gullsmiður, sem hefur unnið ómetanlegt starf að búningamálum. Félaginu barst óvænt höfðingleg gjöf frá Ingibjörgu Helgu Ágústsdóttur, listakonu í Stykkishólmi, sem var faldbúningspils og svunta með knipluðu mynstri. Lilja Jóhannsdóttir færði félaginu upphlut og skyrtu við pils Ingibjargar. Síðast en ekki síst ánafnaði Helga Þórarinsdóttir félaginu faldbúningspils og svuntu með blómstursaumi sem hún er að leggja síðustu hönd á. Barnahópur undir stjórn Elínar Svövu Elíasdóttur sýndi dans og félagsmenn fengu kaffi og kökur.

